

Maður í ógöngum



„Í lögum táknar orðið maður í senn sérhvern og alla, en á alls ekki sérstaklega við fulltíða karl.“
Morgunblaðið/Eggert

Lára Magnúsardóttir, doktor í sagnfræði

Tilraunir til að kalla fram kynhlutleysi í ræðu og riti beinast meðal annars að því að ýta orðinu maður til hliðar á þeirri forsendu að með notkun þess sé sérstaklega skírskotað til karla. Lára Magnúsardóttir dr. phil. telur að með þessu sé rangur skilningur lagður í merkingu orðsins og varar við því að ratað yrði í ógöngur ef hróflað yrði við notkun þess.

Hér er fjallað um merkingu orðsins *maður* og þær ógöngur sem ratað yrði í ef hróflað verður of mikið við notkun þess, einkum í lögum og opinberu máli. Tildrögin eru tilraunir til þess að ná fram kynhlutlausri ræðu með því að forðast notkun á orðinu og segja og skrifa þess í stað annað orð, oftast *fólk* eða *manneskja*.

Að baki búa mótsagnakenndar hugmyndir um að rétt sé að hafna annarri merkingu orðsins *maður* en þeirri sem nær yfir *fulltíða karl* (einnig þegar það gegnir hlutverki ópersónulegs for-nafns) og gefnar forsendur eru í þá veru að það sé þó aðalmerking orðsins. Samhliða er orðið einnig talið þýða *homo sapiens* og vera þannig samheiti við *fólk* og *manneskja*.

Nokkur orð um stöðu málsins

Ekki liggja fyrir leiðbeiningar um leiðir til þess að ná fram kynhlutlausri málnotkun í íslensku en ágætar vísbendingar eru í viðmiðum sem Sameinuðu þjóðirnar hafa gefið út fyrir ensku. Þar er meðal annars lagt til að *kyn* sé látið koma fram þegar það er viðeigandi en að því sé sleppt þegar það varðar ekki umræðuefnið. Á málfarsráðunaut Ríkisútvarpsins er að skilja að hún hafi ekki gefið út fyrirmæli um leiðir til að ná fram kynhlutleysi í tungutaki, en hafi samt sem áður ákveðið að láta hverjum fréttar- og dagskrárgerðarmanni eftir að hafa sína hentisemi um kynhlutlaust tungutak.

Líta þarf á þessa niðurstöðu sem *aðgerð*, fremur en aðgerðaleysi, enda hefur hún haft mikil, en þó tilviljanakennd, áhrif á málfræðisfjölmiðilsins; til viðbótar við að orðin *fólk* og *manneskja* hafi orðið staðgenglar fyrir *maður* eru töluorð, óákveðin fornöfn og lýsingarorð notuð í hvorugkyni fleirtölu þar sem hefur verið karlkyn fram að þessu, en allt virðist það handahófskennt. Því fer fjarri að þetta sé bundið við Ríkisútvarpið, og sambærilegur geðþótti er orðinn algeng sjón í öðrum fjölmiðlum, í auglýsingum sem og í efni frá opinberum aðilum.

En þótt ásetningurinn sé góður óttast margir að meðulin séu óheppileg. Höskuldur Þráinsson hefur til dæmis bent á að með því að nota hvorugkyn í stað karlkyns sé hætta á útilokandi orðræðu sem ekki hefur verið fyrir hendi hingað til (*Mbl.* 29.5.). Ástæðan liggur í *kerfinu*, það er að segja í innbyrðis samhengi í tungumálinu sjálfu. Svipað gæti átt við ef orðinu *maður* verður slaufað at-hugunarlaust.

Um afskipti yfirvalda af tungutaki

Þingmaðurinn Andrés Ingi Jónsson hefur farið fram á að yfirvöld taki formlega afstöðu til þessara málefna og verður ekki annað séð en að hann mæli með breytingum af ofangreindu tagi. Í framhaldinu hefur stjórnarráðið leitað ráðgjafar hjá málnefndum, sem munu byggja afstöðu á fyrirliggjandi þekkingu á efninu.

Umræðan hefur samt sem áður að miklu leyti farið fram í fjölmiðlum og á netinu. Á slíkum vettvangi hefur verið haft eftir Guðrúnu Þórhallsdóttur, dósent við HÍ, að ekki væri hægt að gefa út íslenska orðabók „þar sem orð sem enda á -maður væru eingöngu sögð vísa til karla“ (*Fréttablaðið* 12.5. 2021). Skoðanir eru þó jafnskiptar meðal málfræðinga og annarra, sem virðast almennt andsnúnir opinberum afskiptum af málinu, þótt forsendurnar séu mismunandi. Vésteinn Ólason setti málið í samhengi við *persónulega* máltilfinningu (*Facebook*, opin færsla 16.5. 2021); Eiríkur Rögnvaldsson hefur látið í veðri vaka að *málsamfélagið* muni leysa vandann af sjálfu sér þegar fram líða stundir (blogg 13.5. 2021) og Gísli Sigurðsson telur að tungumálinu verði ekki breytt með *valdboði* (*Mbl.* 22.5. 2021).

En eins og forsætisráðherra benti á í ræðustóli á Alþingi getur álitamálið sem Andrés Ingi tók til umræðu á þinginu ekki snúist um annað en „íslenskt lagamál og annan opinberan texta“ (18.11. 2020). Í framhaldi af því leyfi ég mér að benda á að *lagamál* og *opinber texti* er umræðuefni sem hægt er að greina og ræða málefnalega, þó aðeins að því tilskildu að það sé skipulega lagt fram. Um orðalag og hugtakanotkun í lögum gildir hins vegar að því verður hvergi breytt nema á Alþingi.

Rannsókn hugtaksins maður í lögum

Um nokkurt skeið hefur lögfræðihugtakið *maður* í íslenskum lögum verið hluti af réttarsögurannsóknnum mínum á heimildum sem varða persónurétt og önnur undirstöðuréttindi Íslendinga frá 13. öld til nútíma. Í þeim hef ég orðið þess áskynja að engar rannsóknir hafa verið gefnar út þar sem gerð er grein fyrir notkun orðsins *maður* í lagamáli og tel ég mig geta fullyrt að orðið sé vangreint í heild sinni.

Þær tvær orðabækur sem nákvæmastar eru um orðið *maður* gefa upp 11 til 18 merkingar (*Orðabók Sigfúsar Blöndals* og forn málsorðabókin ONP: *Dictionary of Old Norse Prose*). Þar er þó ekki allt talið því að *hvorki þessar orðabækur né aðrar* skýra frá því að orðið *maður* hefur frá fyrstu tíð verið til sem sérstætt lagahugtak og skírskotar þá alls ekki til tegundarheitis sem skilgreint er í líffræði. Sú ranghugmynd virðist einnig hafa verið við lýði meðal fræðimanna að hugtakið hafi verið til en horfið í nútímarétti. Til dæmis nefndi Jakob Jóh. Smári árið 1920 að orðið *maður* hefði verið til í fornu lagamáli („notað um einhvern óákveðinn mann“, *Íslensk setningafræði*, endurprentuð hjá Málvísindastofnun HÍ árið 1987, bls. 26). Rétt er þó að hugtakið lifir enn góðu lífi í íslenskum lögum.

Maður í lagatexta og afleiður í opinberu máli

Í núgildandi lögum skírskotar orðið *maður* bæði til hugtaka í alþjóðlegum mannréttindasáttmálum og í stjórnarskrá lýðveldisins. Þar er það notað til þess að skilgreina grundvallarréttindi Íslendinga og annarra sem hingað koma og hér dvelja. Ætti að nægja að nefna að *menn* eru kosningabærir samkvæmt stjórnarskrá en í henni stendur til dæmis einnig: „*Maður* skal aldrei sæta gæsluvarðhaldi lengur en nauðsyn krefur...” og „Rétt eiga *menn* á að safnast saman vopnlausir“. Í 65. grein stjórnarskrárinnar er áréttað að með þessu sé átt við bæði (öll) kyn: „Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna“. Að öðru leyti kemur kyn ekki við sögu í stjórnarskránni.

Á meðan óumdeilt er að stjórnarskrárgreinar á borð við þessar eigi jafnt við konur sem karla, og jafnvel börn, verður að líta svo á að lagahugtakið *maður* geri ekki mannamun eftir kyni, aldri, þjóðfélagsstöðu eða nokkurs annars. Í lögum tákna orðið *maður* í senn *sérhvern og alla*, en á alls ekki sérstaklega við *fulltíða karl*.

Þessi hugtakanotkun er órofin frá fyrstu tíð, til dæmis þar sem segir í Grágás: „allir menn skulu vera kristnir á landi hér“ (12. öld). Einnig í Mannhelgi Jónsbókar (13. öld): „Ef maður vegur mann, hvort sem karlmaður drepur konu eða kona karlmann, þá fari útlægur.“ Enginn er heldur hafður út undan í jafnaldra Jónsbókar, kristinrétti hinum nýja: „Vér skulu trúa að hvers manns líkamur sem í er kominn heiminn, eða koma kann til dóma dags, þá skal upp rísa.“

Af þessu leiðir að orðið *maður* þýðir ekki heldur *karl* þegar það er notað í opinberum texta með vísun í lög um grundvallarréttindi. Það er þrátt fyrir að orðið *maður* sé notað í merkingunni *karl* jafnhliða hugtakinu *maður*, eins og má til dæmis sjá í stóradómi (16. öld).

Tengsl milli manns, fólks og manneskju

Til samanburðar benda athuganir mínar til þess að orðið *fólk* skírskoti að jafnaði til hóps eða fjölda sem er afmarkaður af umræðuefni hverju sinni. Þannig kemur það til dæmis fyrir í stóradómi, sem var sérstök löggjöf Danakonungs, „fyrir allt fólk á Íslandi“. Orðið *fólk* getur aldrei átt við *einn*, öfugt við orðið *manneskja* sem hefur eigin merkingu og vísar ávallt til *einstakra* manna, einnig þegar það er í fleirtölu. Hvorugt orðið skilgreinir almenn réttindi og þau eru bæði fátíð í lögum. Þess vegna leiða engin rök að því að orðin *fólk*, *manneskja* og *maður* séu orð sem ganga hvert í annars stað.

Ef athugað væri hvort *fólk*, *manneskja* og *maður* séu samheiti í reynd er sennilegasta svarið að *maður* geti ávallt komið í stað hinna tveggja. Því er hins vegar ekki öfugt farið og *manneskja* og *fólk* geta sjaldnast komið merkingu orðsins *maður* fyllilega til skila, enda eru þau tvö ekki heldur samheiti.

Vandi annars vegar, lausnir hins vegar

Komið er fram að hvorki er til útgefin rannsókn á notkun orðsins *maður* í íslensku lagamáli né í tungutaki hins opinbera. Þar af leiðandi eru ekki til upplýsingar um *hvort* vandi skapist af notkun orðsins á þeim vettvangi. Rökstuddar tillögur um *hvernig* væri gagnlegast að leiðrétta vanda, sem kann að vera fyrir hendi, hafa heldur ekki komið fram. Þá eru ekki til ýtarlegar greiningar á orðum sem lagt er til að nota í stað orðsins *maður*.

Af öllum ofangreindum ástæðum er ljóst að ekki er grundvöllur fyrir ákvörðun málfarsráðunautar, ritstjóra og annarra ábyrgðaraðila um afskiptaleysi þegar spurningin snýst um að setja annað orð þar sem orðið *maður* hefur verið notað um aldir.

Hér hefur verið bent á að notkun á orðinu *maður* er ekki aðeins félagslegs eðlis og að hugtakanotkun í löggjöf verður ekki byggð á máltilfinningu einni saman. Í ljósi þess að orðið *maður* kemur víða fyrir í gildandi lögum væri óhóflegur vandi að halda því utan við nýja lagasetningu og í opinberum textum. Þar er það einkar mikilvægt hugtak sem á ríkan þátt í að útbúa flókið en viðkvæmt samhengi þar sem persónuréttindi, borgararéttindi og mannréttindi verða til.

Því væri í besta falli fljótfærnislegt ef yfirvöld beittu sér fyrir breytingum á notkun þessa undirstöðuhugtaks án ýtarlegrar athugunar og skýrrar afstöðu til þess hver staðgengillinn gæti orðið. Þvert á markmið gæti niðurstaðan orðið ný útilokandi orðræða líkt og Höskuldur Þráinsson benti á að geti gerst þegar kyni fornafna er breytt, sem og óparfa áhersla á kyn, öfugt við leiðbeiningar Sameinuðu þjóðanna.

Eðli málsins

Í stærra samhengi verður ekki litið fram hjá því að formleg og óformleg ræða tengjast órofa böndum. Ef opinber ákvörðun um breytingu á lagamerkingu orðsins *maður* byggðist á einföldunum eins og þeirri að eiginleg merking sé *fulltíða karl*, hvaða skilning ættu nýjar kynslóðir þá að leggja í texta þar sem fullvíst er að orðið eigi ekki við karlkynið eingöngu?

Hér er dæmi úr Guðmundarsögu þar sem sjúkri konu var hjálpað:

„Heitið var á vora frú fyrir henni, og aðra heilaga menn, og stóð hið sama hennar vagnmegn þar til að tíguleg jungfrú birtist um nótt konu þeirri, er mesta dyggð og *manndóm* sýndi þeim aumingja. Frúin talar svo: Fallast yður læknisdómar við hina sjúku? Hún svarar: Eigi fáum vér á fundið hvað guð hefir henni til lækningar sett. Frúin svarar: Eigi sýnist mér þér ráðleitin í þvílíku vandkvæði. Hún svarar hversu munu vér *syndugir menn* slíkt með ráðum vinna...”

Hætt er við að breytingar á ofangreindum forsendum væru til þess fallnar að breiða yfir mikilvæg atriði í sögu kvenna og barna sem iðulega eru umtalsefni þar sem orðið *maður* hefur verið notað í textunum allt fram á þennan dag. Þetta er í ritum sem almenningur les sér til skemmtunar og fróðleiks og eru grundvöllur rannsókna á sögu landsins og menningu.

Betri staða en ætla mætti

Hitt er svo annað mál að löggjafinn kemst varla hjá því að huga að tryggingu fyrir því að lögin geri ekki mannamun eftir kynferði eða öðru. Þá er gott til þess að vita að sennilega er ekki eins langt í land og margur hyggur því að lögin búa yfir hlutlausu hugtaki.

Þótt orðið hafi málfræðilegt karlkyn er líklegt að besti kosturinn sé að *maður* verði áfram undirstöðuhugtak um almenn réttindi og að Alþingi taki að öðru leyti ekki afstöðu í málinu. En álita málið er komið fram á sjónarsviðið og til þess að fá góða og friðsamlega niðurstöðu þarf að koma til skilningur og þekking, bæði innan stjórnkerfisins og hjá almenningi.